

# Fagráð í hrossarækt

## 98. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, þriðjudaginn 11. Maí 2021 kl. 14.30

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Sveinn Ragnarsson og Elsa Albertsdóttir.

### *Dagskrá*

1. Fundarsetning
2. Kynbótasýningar
  - Sýningargjöld kynbótadóma
  - Upptökur kynbótasýninga
  - Vinnufriður dómara á kynbótasýningum
3. Fjórðungsmót Vesturlands 2021
  - Inntökuskilyrði kynbótasýningar
  - Landssýning kynbótahrossa
4. Svarbréf fagráðs við erindi Arnars Karlssonar
5. Birting dómara

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Kynbótasýningar

#### *Sýningargjöld kynbótadóma*

Sýningargjald hefur verið hækkað um 1400 kr. og er í ár 28.500 kr/m.vsk fyrir fullnaðardóm en 21.500 kr/m.vsk fyrir sköpulags eða reiðdóm. Hækkunin var ekki kynnt fyrir Félag Hrossabænda áður en hún fékk samþykki ráðuneytisins, eins og venja er en það var sökum tímaskorts. Hækkunin er hófleg en ástæða hennar er rekstrarframlög til RML hafa verið lækkuð og ljóst að sýningar standa ekki undir sér nema til komi einhver hækkun.

#### *Upptökur kynbótasýninga*

Samningur hefur verið undirritaður við Alendis um upptökur kynbótasýninga árið 2020. Þetta er tilraunaverkefni með það að markmiðið að auðvelda aðgengi ræktenda og eigenda að upptökum af kynbótasýningu hrossa sinna og almennt að auðvelda áhorf fólks á slíka viðburði. Þá verður þetta mikil gagnasöfnun sem unnt verður að nýta í framþróun í ræktunarstarfinu. Stefnt er að því að streyma frá öllum kynbótasýningum á Íslandi en auk þess munu upptökur þeirra hrossa þar sem aðstandendur gefa samþykki fyrir, fara inn á veitur Alendis og þar með hægt að horfa á kynbótasýningarnar aftur. Einnig geta eigendur hrossa keypt upptökur af sínum hrossum. Þetta framtak hefur almennt fengið jákvæð viðbrögð.

### *Vinnufriður dómara á kynbótasýningum*

Í ár verður afmarkað svæði umhverfis dómara við sköpulagsdóma en það er gert til að gæta þess að dómara geti starfað óáreittir við sköpulagsdóma, átt óheftar samræður sín á milli þar sem öll sjónarmið fái jafnt vægi í niðurstöðu sköpulagsdóms áður en hann er lesin upp og skýrðir út fyrir sýnendum hrossa. Enn fremur er imprað á reglum um kynbótasýningar sem kveða á um að sýnandi geti notið aðstoðar frá einum aukaaðila í sköpulagsdómi. Það er ekki síður mikilvægt í ljósi aðstæðna vegna kórónuveirufaraldursins og gildandi takmarkana að virða þá reglu.

### 3. Fjórðungsmót Vesturlands 2021

#### *Inntökuskilyrði á kynbótasýningu*

Inntökuskilyrði fyrir hross á Fjórðungsmót Vesturlands eru þannig að hross sem eru í eigu aðila á Vesturlandi, Vestfjörðum, Húnavatnssýslum eða Skagafirði eiga þátttökurétt á kynbótasýningu á mótinu og er miðað við að lágmarki 25% eignarhlut. Ákveðin fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki eiga þátttökurétt og er því ekki um einkunnalágmörk að ræða. Miðað er við að 68 kynbótahross verði á mótinu þar sem um 75% hrossa í hverjum flokki verða valin eftir aðaleinkunn og um 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs. Er þetta gert til að auðvelda bestu klárhrossunum með tölti að komast inn á mótið. Þetta er sama leið og áætlað var að fara fyrir síðasta landsmót. Stöðulisti verður birtur í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir 22 júní n.k., þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Fjöldi kynbótarhrossa á FM 2021:

	4 vetra	5 vetra	6 vetra	7 v. og eldri	Samtals
Stóðhestar:	8	8	8	6	30
Hryssur:	8	14	10	6	38

#### *Landsýning kynbótahrossa*

Landsýning verður haldin á Fjórðungsmóti á Vesturlandi þann 11. júlí 2021. Þar eiga tíu efstu hross í hverjum aldurs- og kynjaflokki, samkvæmt aðaleinkunn, þátttökurétt.

### 4. Svarbréf fagråd við erindi Arnars Karlssonar

Fagråd í hrossarækt hefur sett saman svarbréf við erindi Arnars Karlssonar sem barst ráðinu í desember á síðasta ári varðandi mat á skapgerð stóðhesta. Svarbréfið er að finna sem fylgigagn þessarar fundargerðar.

### 5. Birting dómara

Rætt var um birtingu dómara, ástæður þess að birta þá eða ekki og áhrif þessa. Í ár er annað árið sem ekki verður birt hverjir dæma á hvaða sýningu. Áhrifin í fyrra var að mun jafnari dreifing var á þátttöku á mismunandi sýningum og aðilar gátu því betur gengið að því að geta sýnt í sínu heimahéraði. Átak hefur verið unnið í að aukinni samræmingu dómarahópsins og uppfærður dómsskali er mun skýrari en sá fyrri. Almennt má því segja að engin ástæða sé fyrir áætluðum mun milli dómnefnda. Hvers konar umræða um það er eingöngu til þess fallin að valda óeðlilegum þrýstingi og dregur á endanum úr trúverðugleika og virðinu fyrir dómsstörfum hvoru megin borðsins sem aðilar eru. Hrossarækt á að vera samstarfsverkefni allra viðkomandi aðila þar sem takmarkið er að auka veg og virðingu íslenska hestsins og stuðla að sem mestum erfðafrámförum í kyninu.

Í fyrra voru öll FEIF löndin samtaka í þessu, en svo er ekki í ár. Erlendis eru aðstæður almennt frábrugðnar frá því sem er á Íslandi. Þar er boðið upp á færri sýningar og oftast er um nokkuð langan veg að fara að sýna hross. Ólíkt því sem hérlandis er þar sem alla jafna eru nokkrar sýningar í boði á sama tíma og um mun styttri veg að fara. Hér er því mun auðveldara að velja sýningar eftir dómurum og þar með skapa vissan þrýsting í hvaða átt sem er.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir